

# 501 Strjálgróið land 502 Gróið land

## Gróðurflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands

útgáfa 1.1

Umsjón efnisinnihalds:



Umsjón útgáfu:



Vegna athugasemda og fyrirspurna vinsamlega hafið samband  
í síma 430 9000 eða sendið tölvupóst á [lmi@mi.is](mailto:lmi@mi.is)

**Gróður**

<b>Nafn</b>	<b>Gróður</b>
<b>Skilgreining</b>	Þemað gróður nær yfir allar plöntur sem vaxa á ákveðnu svæði [5]. Hugtakið gróður segir í sjálfu sér ekkert til um tegundasamsetningu, eða aðra umhverfispætti án frekari flokkunar. Gróður er víðara hugtak en flóra sem segir til um tegundasamsetningu. Hér er átt við bæði upprunalegan og ræktaðan gróður. Neðangreindar fitjueigindir eru sameiginlegar báðum fitjuflokkum strjálgróið land og gróið land. Fitjueigindin gróðursamfélag er flokkuð nánar í undirfitjueigindirnar gróðurlendi og gróðurfélag, eftir því hve nákvæma flokkun þarf.
<b>Kóði</b>	500-599

**Fitjuflokkar**

Strjálgróið land	501
Gróið land	502

**Fitjueigindir****Heiti**

Dagsetning staðfesting samþykktar	dagsStadfestingSamth
Grjót í yfirborði	grjotYfirbord
Gróðursamfélag	grodersamfelag
Gróðurlendi	grodurlendi
Gróðurfélag	grodurfelag
Gróðurþekja	grodurthekja
Hraun í yfirborði	hraunYfirbord
Sandur í yfirborði	sandurYfirbord
Uppgræðsla og skógggræðsla	uppgraedslaSkoggraedsla
Yfirborðsgerð	yfirbordsgerd

**501 Strjálgróið land**

<b>Nafn</b>	<b>Strjálgróið land</b>
<b>Skilgreining</b>	Svæði þar sem gróður er á fyrstu stigum gróðurframvindu eða þar sem fjalla-gróður er ráðandi. Heildargróðurþekja er að jafnaði undir 25%.
<b>Kóði</b>	501

**502 Gróið land**

<b>Nafn</b>	<b>Gróið land</b>
<b>Skilgreining</b>	Svæði þar sem heildargróðurþekja er að jafnaði yfir 25%.
<b>Kóði</b>	502

**Fitjueigind**

<b>Nafn</b>	<b>Dagsetning staðfesting samþykktar</b>
<b>Skilgreining</b>	Dagsetning á afgreiðslu stjórnvalda og stjórnsýslunnar
<b>Heiti</b>	dagsStadfestingSamth
<b>Tegund eigindar í gagnasafni</b>	Dagsetning (e. date)
<b>Mælieining eigindar</b>	Engin
<b>Gerð gildisóðals</b>	Ákveðið gildi
<b>Gildisóðal</b>	Dagsetning

**Fitjueigind**

<b>Nafn</b>	<b>Grjót í yfirborði</b>
<b>Skilgreining</b>	Þekja grjóts eða klappa í yfirborði er metin, en þvermál grjóts eða steina þarf að vera meira en 64 mm í þvermál [7].
<b>Heiti</b>	grjotYfirbord
<b>Tegund eigindar í gagnagrunni</b>	Heiltala (e: integer)

<b>Mælieining eigindar</b>	Engin
<b>Gerð gildisóðals</b>	1 = tilbúið gildi

<b>Gildi fitjueigindar</b>		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Grytni engin	1	0%
Lítið grýtt	2	1-33%
<i>Mjög lítið grýtt</i>	21	1-10%
<i>Nokkuð lítið grýtt</i>	22	11-33%
Grýtt	3	34-100%
<i>Talsvert grýtt</i>	31	34-66%
<i>Mjög grýtt</i>	32	67-90%
<i>Afar grýtt</i>	33	91-100%

**Fitjueigind**

<b>Nafn</b>	<b>Gróðursamfélag</b>
<b>Skilgreining</b>	Gróðursamfélög eru flokkuð eftir ríkjandi og einkennandi tegundum eða tegundahópum.
<b>Heiti</b>	gróðursamfélag
<b>Tegund eigindar í gagnagrunni</b>	Heiltala (e: integer)
<b>Mælieining eigindar</b>	Engin
<b>Gerð gildisóðals</b>	1 = tilbúið gildi

<b>Gildi fitjueigindar</b>		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Moslendi	2	Mosar þekja meira en helming af heildargróðurþekju og gefa landinu meiri svip en háplöntur [1, 2, 3]. Lífrænn jarðvegur er yfirleitt þunnur og úrkoma mikil. Háplöntur vaxa strjált í mosanum en dæmi um tegundir eru stinnastör, vinglar, língresi, þursaskegg, móasef, víðitegundir, krækilyng, bláberjalyng, beitilyng, geldingahnappur og kornsúra [1].
Mólendi	3	Mólendi er þurr gróðurlendi og er gjarnan þýft, en þýfið getur verið misjafnlega stórgert og oft er þó nokkur munur á gróðri þúfna og lauta [1]. Jarðvegur er fremur þurr og misþykkur. Mólendi er margs konar og geta mismunandi tegundahópar verið ríkjandi, t.d. jurtir, lyng, runnar eða grös, og jafnframt því er gróðurinn misjafnlega samfelldur. Dæmi um einkennandi tegundir eru þursaskegg, móasef, stinnastör, holtasóley, krækilyng, bláberjalyng, fjalldrapi og loðvíðir [3]. Fléttur geta einnig verið einkennandi fyrir mólendið.
Gras- og blómlendi	4	Jarðvegur er oftast í þykkara lagi og nokkuð frjósamur, yfirborð er oftast slétt [1]. Gras- og jurtategundir eru einkennandi fyrir gras- og blómlendi en einnig finnast smárunnar og burknar. Dæmi um tegundir eru túnvingull, língrös, ilmreyr, snar-rótarpunktur, blágresi, maríustakkur, brennisóley, skógarkerfill, mjadjurt, ætihvönn, fjallasmári, ljónslappi, grasvíðir, grávíðir, krækilyng, bláberjalyng og stóriburkni.
Kjarr- og skóglendi	5	Kjarr- og skóglendi einkennist af trjám og runnum sem ná að lágmarki 0,5 m meðalhæð fullvaxta. Krónuþekja fullvaxins trjágróðurs skal þekja meira en 10% af flatarmáli til að geta kallast skógur og kjarr. Jarðvegur er nokkuð þykkur og fremur frjósamur. Botngróður er misjafn, grös, smárunnar og blómgróður.
Votlendi	6	Votlendi er rakt til blautt landsvæði [4]. Vatn stendur í og yfir gróðursverði. Votlendi skiptist í deiglendi, mýrar, flóa, tjarnir og vötn. Tegundir sem finnast í votlendi eru t.d. mýrastör, gulstör, tjarnastör, klófifa, mýrelfting, hálmgresi, vinglar, hrossanál, þráðsef, loðvíðir og grávíðir [1]. Jarðvegur er víða þykkur og kolefnisríkur.
Ræktað land	7	Land sem hefur verið plægt, í það sáð eða plantað og nýtt er til

	ræktunar nytjaplantna, svo sem til garðyrkju, akuryrkju og tún-ræktar. Nytjaplönturnar eru, t.d. matjurtir, grös, korn og græn-fóður.
--	---

**Fitjueigind**

<b>Nafn</b>	<b>Gróðurlendi</b>
<b>Skilgreining</b>	Gróðurlendi er undirfitjueigind fyrir fitjueigindina gróðursamfélag og er hún notuð þegar þörf er á ítarlegri flokkun en fitjueigindin gróðursamfélag býður upp á. Gróðurlendi eru flokkuð eftir ríkjandi og einkennandi tegundum og tegundahópum.
<b>Heiti</b>	gróðurlendi
<b>Tegund eigindar í gagnagrunni</b>	Heiltala (e: integer)
<b>Mælieining eigindar</b>	Engin
<b>Gerð gildisóðals</b>	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
<b>Moslendi</b>		
Mosapemba	21	Mosar þekja meira en helming af heildargróðurþekju og gefa landinu meiri svip en háplöntur. [1, 3] Gamburmosar eru ríkjandi tegundir sem þrífast vel á snjóléttum og næðingssömum stöðum þar sem jarðvegur er þunnur og úrkoma ríkuleg. Algengustu tegundirnar eru melagambri og hraungambri.
Héllumosagróður	22	Tvær mosategundir, heiðahéla og vætuhéla, eru ríkjandi og/eða einkennandi [6]. Báðar tegundirnar finnast í snjó-dældum þar sem snjór liggur lengi fram eftir á vorin [1], en einnig finnast þær á rökum klettum, í flögum og oft við læki og í hraunum [6]. Mosategundir þessar mynda hálf-skorpið yfirborð sem við fyrstu sýn virðist oft vera allsnakið og er hélumosagróðurinn algengari til fjalla en á láglandi [1]. Af háplöntutegundum er grasvíðir algengastur en sums staðar geta grávíðir/loðvíðir verið einkennandi. Aðrar tegundir sem koma fyrir eru fáar og strjálár. Dæmi um þær eru, grámulla, kornsúra, fjalladúnurt, fjalladepla og fjallapuntur.
<b>Mólendi</b>		
Lyngmói	311	Lyngmóar einkennast af lágvöxnum krækilóttum smárunnum sem eru ráðandi í þekju [3]. Algengustu tegundir í lyngmóa eru krækilyng, bláberjalyng, beitilyng, sortulyng, aðalblá-berjalyng og holtasóley.
Fjalldrapamói	312	Fjalldrapi er ýmist ríkjandi eða einkennandi tegund. Aðrir smárunnar hverfa í skuggann [3]. Fjalldrapi er oft mjög áberandi í landslagi. Fjalldrapamóar finnast á þurru en misjafnlega þykkum jarðvegi. Á flatlandi eru þeir oftast þýfðir. Snjór liggur að jafnaði lengur yfir fjalldrapamóa en krækilyngsmóa. Gróðurþekja er yfirleitt samfelld. Einkennandi tegundir auk fjalldrapans eru bláberjalyng, krækilyng, þursaskegg, grös og víðitegundir.
Víðimói	313	Víðitegundir eru ríkjandi í þekju og gróðursvip [3]. Grávíðir og loðvíðir mynda gjarnan runna en grasvíðir er smágerðasta og lágvaxnasta víðitegundin. Ýmsar aðrar tegundir einkenna víðimóa, t.d. krækilyng, fjalldrapi og grös. Af víðimóa eru tvær megingerðir, annars vegar mói á allþykkum jarðvegi með grávíði/loðvíði og gulvíði en hinsvegar mói á þunnum jarðvegi með grasvíði.
Þursaskeggs- og sefmói	314	Mjög þurrlandur mói þar sem þursaskegg eða móasef eru einkennistegundir. Þursaskegg er gjarnan ríkjandi tegund sem vex í breiðum [3]. Oft er þursaskeggsmói blandaður

		grastegundum. Tilsýndar er hann móleitur að lit einkum þegar líður á sumar. Sefmói líkist í mörgu þursaskeggsmóa en er einsleitari. Þar er einkennistegundin móasef sem vex í toppum frekar en breiðum. Aðrar tegundir sem finnast í þursaskeggs- og sefmóa í einhverjum mæli eru t.d. týtulíngresi, túnvingull, blávingull, stinnastör, krækilyng, blóðberg, beitleyng og holtasóley.
Starmói	315	Fremur þurrhendur, oft stórbýfður mói [3]. Ríkjandi og einkennandi tegundir eru þurrhendisstarategundimar stinnastör, móastör eða rjúpastör. Helstu fylgitegundir eru grasvíðir, grávíðir, túnvingull, krækilyng og bláberjalyng. Starmói er mun algengari til fjalla en á láglandi.
Fléttumói	316	Í fléttumói er þekja fléttna meira en helmingur af heildargróðurþekjunni. Fléttumóar eru algengir á snjóléttum stöðum og þar sem jarðvegur er þurr, t.d. í hrauni, í hlíðum og á flatlandi. Fléttutegundir sem eru mest áberandi eru fjallagrös, hreindýrakraókar og grábreykska [3]. Ríkjandi og einkennandi háplöntutegundir eru lyng- og runnategundir.
<b>Gras- og blómlendi</b>		
Vallendi	411	Grös eru ríkjandi, ýmist með störum, elftingu eða smárunnum [3]. Jarðvegur er frjór, tiltölulega þurr og fremur þykkur nema í grónum skriðum. Gróðurþekja er yfirleitt samfelld og land getur bæði verið flatt og hallandi. Yfirborðið er tiltölulega slétt en á stöku stað þýft. Vallendi er oft að finna þar sem gróðurskilyrði eru góð en langvarandi beitarálag hefur dregið úr umfangi blómplantna og smárunna. Helstu fylgitegundir í vallendi eru stinnastör, grasvíðir, krækilyng, bláberjalyng og klóelfting.
Melgresi	412	Melgresi er ríkjandi eða einkennandi tegund. Melgresi heftir sandfok og hefur verið notað til uppgræðslu víða um land. Ekki er gerður greinarmunur á náttúrulegu eða ræktuðu melgresi. Melgresi vex á söndum, oftast á foksandi og er gróðurþekja ósamfelld og gisin. Yfirborð er yfirleitt öldótt en breytilegt því melgresispúfur eða hólar byggjast upp og brotna niður á víxl. Víða er melgresi einrátt en þær tegundir sem fyrstar vaxa með því eru túnvingull, klóelfting og holurt.
Sjávarfitjar	413	Svæði ofarlega í fjörum með samfelldum háplöntugróðri þar sem sjór fellur yfir annað slagið [9]. Sjávarfitjar eru fremur blautar, jarðvegur er leirblandinn og eru grös og starir ríkjandi í gróðri. Ríkjandi grastegund er sjávarfitjungur en með honum vaxa t.d. flæðastör, skriðstör, kattartunga, skriðlíngresi og túnvingull [1]. Sjávarfitjar eru algengar með ströndum landsins en víðast aðeins örmjóar ræmur eða blettir. Þær myndast aðeins þar sem sæmilega skjólsælt er, til dæmis innst í vogum og fjörðum og getur sjór verið blandaður árvatni.
Finnungur	414	Ríkjandi tegund er finnungur sem oft er gráhvítur að sjá vegna sinu. Einkennandi tegundir sem vaxa með finnungnum eru ilmreyr, hálíngresi, þráðsef og stundum bugðupunktur og týtulíngresi [3]. Finnungur vex eingöngu þar sem snjóþungt er.
Blómlendi	42	Tvíkímblaða blómjurtir og burknar eru ríkjandi en sjaldnast þekur blómlendið stór svæði [3]. Um er að ræða fjölskrúðugt gróðurlendi þar sem gróður er samfelldur og mosi oft með litla þekju. Gróðurlendið finnst aðallega þar sem lífsskilyrði fyrir gróður eru hagstæð, t.d. skjól, raki, frjór jarðvegur og sólríkt. Dæmi um ríkjandi tegundir eru blágresi, brennisóley, ætihvönn, mjaðjurt, skógarkerfill, fjöllaufungur, stóriburkni, mariustakkur, ljónslappi, fjallasmári og eyrarrós.
<b>Kjarr – og skóglendi</b>		
Kjarrlendi	51	Ríkjandi tegundir í kjarrlendi eru birki og gulvíðir sem eru

		undir 2 m að hæð. Ýmsar aðrar tegundir vaxa í kjarlendi og má þar nefna gráviði/loðviði, fjalldrapa, reynivið, ýmsar blómplöntur og grös.
Laufskógur	511	Birki er eina innlenda trjátegundin sem myndar samfelldan skóg á Íslandi [3]. Dæmi um aðrar tegundir sem geta myndað laufskóg eru alaskaösp og alaskaviðir. Krónuþekja lauftrjáa er meiri en 75% af heildarkrónuþekju.
Barrskógur	512	Dæmi um barrtré eru sitkagreni, stafafura, siberiulerki og bergfura. Þessar tegundir eru allar innfluttar. Margar aðrar tegundir er að finna í barrskógi og er undirgróður mismunandi eftir trjátegundum, þéttleika þeirra og stærð. Gróðurþekja er yfirleitt samfelld og krónuþekja barrtrjáa er meiri en 75% af heildarkrónuþekju.
Blandaður skógur	513	Dæmi um lauftré eru birki, alaskaösp og alaskaviðir. Dæmi um barrtré eru sitkagreni, stafafura, siberiulerki og bergfura. Margar aðrar tegundir er að finna í blönduðum skógi og er undirgróður mismunandi eftir trjátegundum, þéttleika þeirra og stærð. Gróðurþekja er yfirleitt samfelld og krónuþekja barrtrjáa eða lauftrjáa er ekki meiri en 75% af heildarkrónuþekju.
<b>Votlendi</b>		
Sef- og starardeiglendi	611	Deiglendi þar sem sef (hrossanál, þráðsef) og starir (broddstör) eru ríkjandi ásamt grösom og víði. Einkennandi tegundir eru t.d. hálmgresi, túnvingull, skriðlíngresi, mýrastör, stinnastör, grá- og loðviðir. Gróðurlendið finnst þar sem jarðvegur er rakur og oft sendinn, t.d. á ár- og vatnsbökkum og á mörkum votlendis og þurrlendis.
Grasdeiglendi	612	Helstu ríkjandi grös eru hálmgresi, túnvingull og skriðlíngresi en með þeim vaxa oft mýrastör og stinnastör. Dæmi um fylgitegundir eru gulstör, gráviðir og grasviðir. Mosar eru gjarnan áberandi í sverði.
Gulvíðisdeiglendi	613	Gulvíðir er einkennandi tegund en með honum eru ríkjandi t.d. stinnastör, mýrastör, túnvingull, hálmgresi og klófífa. Algengar fylgitegundir eru bláberjalyng, krækilyng og fjalldrapi.
Mosadeiglendi	614	Í mosadeiglendi vaxa allmargar tegundir vætumosa. Það finnst einkum á hallalitlu landi til fjalla þar sem jarðvatnsstaða er há. Jarðvegur er þunnur en ávallt rakur og hluta ársins er landið forblautt. Þekja mosa er ávallt meiri en 50%. Fylgitegundir eru fáar en þeirra helstar eru gráviðir/loðviðir, grasviðir og hálmgresi.
Starmýri	621	Ríkjandi tegund er mýrastör en einkennandi geta einnig verið hengistör, klófífa, gulstör eða tjarnastör. Þýfi er algengt og oft er nokkur munur á gróðri lauta og þúfna, þar sem mýrastörin heldur sig í lautunum en grös, jurtir og runnar á þúfum [3]. Dæmi um fylgitegundir eru vinglar, língresi, fjalldrapi, engjarós og mjaðjurt. Gróðurþekja er samfelld og er mýrin oftast hallalítill og fremur blaut.
Mýrafinnungsmýri	622	Mýrafinnungur er einkennandi tegund en mýrastör er oft ríkjandi. Mýrin er slétt og vex mýrafinnungurinn oft í toppum eða litlum breiðum en aðrar tegundir vaxa á milli [3]. Dæmi um aðrar áberandi tegundir eru klófífa, hengistör, horblaðka, hárléggjastör, lyfjagras, sýkigras og mýrasef.
Elftingarmýri	623	Mýrelfting er einkennandi eða ríkjandi tegund [3]. Mýrastör er einnig áberandi ásamt tegundum eins og ilmreyr, hálingresi, túnvingli, snarrótarpunti og hálmgresi. Gróðurþekja er samfelld og mýrin fremur næringarauðug.
Runnamýri	624	Mýrastör er jafnan ríkjandi í þekju en víðir (gráviðir, grasviðir og gulvíðir) og fjalldrapi eru einkennandi [3]. Dæmi um aðrar tegundir eru bláberjalyng, krækilyng, klófífa, túnvingull og týtulíngresi. Jarðvatn stendur oft hátt í runnamýrinni, halli er oft lítill og þýfi nokkuð.
Dý	625	Ríkjandi eru mosategundirnar djáhnappur og lindaskart

		sem mynda allþykkar breiður kringum lindir og meðfram lækjum. Háplöntur eru fáar og strjalar, t.d. lindadúnurt, lækjagrýta, lækjafræhyrna, stjörnusteibrjótur og gullbrá.
Barnamosamýri	626	Yfirleitt súrar mýrar. Ríkjandi tegundir eru barnamosar. Tegundin bleytuburi er þeirra útbreiddust og myndar hún þúfur en sjaldan breiður [11]. Mosalagið er mjög þykkt og rakaheldið. Fylgitegundir eru t.d. krækilyng, klóffífa og mýrastör. Dæmi um tegundir sem eru sjaldgæfar en bundnar við þetta gróðurlendi eru mýraberjalyng og sóldögg.
Aðrar mýrar	627	Hér flokkast gróður í mýrlendi sem ekki fellur undir aðrar mýrar.
Gulstararflói	631	Gulstör er víðast einráð en vex sums staðar einnig með blátoppastör og hálmgresi. Gulstörin myndar seigt torflag í leirugu og sendnu undirlagi [3]. Fremur fáar tegundir finnast í gulstararflóum en dæmi um fylgitegundir eru hengistör, tjarnastör, mýrastör, fergin, engjarós og horblaðka.
Tjarnastararflói	632	Tjarnastör er nær einráð í þekju og getur tekið yfir stór svæði, einkum þar sem vatnsstaða flóans er há [3]. Þar sem vatnsstaða er lág geta fylgitegundir þó haft talsverða þekju en vaxtarlag og litur tjarnarstarar gerir það að verkum að hún verður áberandi í gróðursvipnum.
Klóffíufló	633	Klóffífa er ríkjandi tegund. Hún er rakakær en þrífst þó ekki vel þar sem vatn liggur lengi yfir landi [3]. Klóffífa hefur löng glansandi, græn blöð sem taka á sig rauðan lit seinni hluta sumars. Einkennandi tegundir sem vaxa með klóffífunni eru t.d. bláberjalyng, fjalldrapi, hrafnastör, mýrastör og flóastör. Barnamosar og krækilyng finnast einkum í þúfum. Tegundir eins og vetrarkvíðastör, hengistör, gulstör, grávíðir, hálmgresi og mýrafinnungur koma oft fyrir. Gróðurþekja er samfelld.
Hengistararflói	634	Í hengistararflóa er hengistör algeng en er sjaldan ríkjandi nema á litlum blettum [3]. Dæmi um fylgitegundir eru klóffífa, hálmgresi og stundum grávíðir.
Vetrarkvíðastararflói	635	Vetrarkvíðastör er ríkjandi tegund og er algeng í blautum flóum [3]. Hún er auðþekkt á löngum jarðlægum renzlum, svokölluðum vetrarkvíða. Dæmi um fylgitegundir eru tjarnastör, mýrelfting, mýrastör og mýrafinnungur.
Vatnagróður	64	Vatnagróður nær yfir háplöntugróður í öllu opnu vatni, sem getur verið allt frá smápollum til stærri vatna og áa [1]. Gróður finnst þó fyrst og fremst í grunnu vatni, t.d. í kyrrum vikum og vogum. Dæmi um tegundir í vatni eru hjartanykra, flóðapuntur, liðasóley, lónasóley, haustbrúða, grasnykra, lófótur, hnúðsef og síkjamari. Gróðurþekja er slitrótt.
<b>Ræktað land</b>		
Garðlönd og akrar	711	Land þar sem ræktaðar eru matjurtir, korn, grænófóður og fóðurgrös. Einnig falla skrudgarðar hér undir.
Tún	712	Land sem tekið hefur verið til túnræktar. Átt er bæði við tún í notkun og gömul tún sem hætt er að nýta til heyöflunar. Ríkjandi tegundir eru oftast innflutt fóðurgrös en einnig finnast innlend grös og jurtir.

### Fitjueigind

Nafn	Gróðurfélag
Skilgreining	Þetta er undirfitjueigind fyrir fitjueigindina gróðurlendi og er hún notuð þegar þörf er á ítarlegri flokkun en fitjueigindin gróðurlendi býður upp á. Gróðurfélög eru smæsta grunneining sem gróður er flokkaður í samkvæmt gróðurflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands og er hvert gróðurfélag kennt við ríkjandi eða einkennandi tegund eða tegundahóp. Í skilgreiningum er vísað í drög að ritinu „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ sem tekið var saman af Evu G. Þorvaldsdóttur og Einari Gíslasyni [13].

<b>Heiti</b>	grodurfelag
<b>Tegund eigindar í gagnagrunni</b>	Textastrengur (e: character)
<b>Mælieining eigindar</b>	Engin
<b>Gerð gildisóðals</b>	1 = tilbúið gildi

<b>Gildi fitjueigindar</b>		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
<b>Mosaþemba</b>		
Mosi	A1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Mosi með stinnastör	A2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Mosi með stinnastör og smárunnum	A3	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Mosi með smárunnum	A4	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Mosi með grösum	A5	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Mosi með þursaskeggi	A6	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Mosi með þursaskeggi og smárunnum	A7	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Mosi með grösum og smárunnum	A8	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Hélumosagróður</b>		
Hélumosar	A9	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Hélumosi með loðvíði	A10	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Grasvíðir	D6	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Lyngmói</b>		
Krækilyng með fjalldrapa og bláberjalyngi	B1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Krækilyng með bláberjalyngi og sauðamergi	B2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Krækilyng með víði	B3	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Beitilyng með krækilyngi og bláberjalyngi	B4	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Beitilyng og sortulyng með krækilyngi	B5	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Holtasóley með krækilyngi og víði	B6	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Bláberjalyng með krækilyngi og víði	B7	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Sortulyng með krækilyngi og fjalldrapa	B8	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Aðalbláberjalyng	B9	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Fjalldrapamói</b>		
Fjalldrapi með bláberja- og krækilyngi	C1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Fjalldrapi með þursaskeggi og grösum	C2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Fjalldrapi með víði	C3	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Fjalldrapi með beiti- og krækilyngi	C8	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Víðimói</b>		
Grávíðir með krækilyngi	D1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]



		[13]
Grávíðir með fjalldrapa	D2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Loðvíðir með grávíði	D3	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Pursaskeggs- og sefmói</b>		
Pursaskegg	E1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Pursaskegg með smárunnum	E2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Pursaskegg með holtasóley	E4	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Móasef	F1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Móasef með smárunnum	F2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Starmói</b>		
Stinnastör	G1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Stinnastör með smárunnum	G2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Móastör með krækilyngi og grávíði	G3	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Rjúpastör	G4	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Fléttumói</b>		
Fléttur með smárunnum	J1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Grábreyksingur	J2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Vallendi</b>		
Grös	H1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Grös með störum	H2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Grös með smárunnum	H3	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Grös með elftingu	H7	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Melgresi</b>		
Melgresi	H4	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Sjávarfitjar</b>		
Fitjungur	H5	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Finnungur</b>		
Finnungur	H6	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Blómlendi</b>		
Hávaxnar blómjurtir	L1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Lágvaxnar blómjurtir	L2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Alaskalúpína	L3	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Kjarlendi</b>		
Birkikjarr	C5	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Birki- og gulvíðiskjarr	C7	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Gulvíðiskjarr með grösum	D5	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]

<b>Laufskógur</b>		
Birkiskógur	C10	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Önnur lauftré	C11	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Barrskógur</b>		
Barrtré	C12	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Blandaður skógur</b>		
Lauftré/ barrtré	C13	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Sef- og starardeiglendi</b>		
Hrossanál með störum og grösum	T2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Broddastör með víði og störum	T6	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Sef	T7	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Hrossanál með vinglum	T9	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Hrossanál með grávíði/loðvíði	T10	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Bjúgstör	T12	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Grasdeiglendi</b>		
Hálmgresi	T3	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Grös með störum	T5	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Hrafnaþífa með hálmgresi	T11	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Gulvíðisdeiglendi</b>		
Gulvíðir, starir og grös	T4	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Mosadeiglendi</b>		
Vætumosar	T30	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Vætumosar með víði	T31	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Staramýri</b>		
Mýrastör/stinnastör með hengistör	U1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Mýrastör/stinnastör með klóþífu	U4	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Mýrastör/stinnastör	U5	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Mýrastör/stinnastör með gulstör	U8	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Mýrastör/stinnastör með tjarnastör	U19	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Mýrafinnungsmýri</b>		
Mýrafinnungur með mýrastör/ stinnastör	U12	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Elftingarmýri</b>		
Mýrelfting	U10	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Mýrastör/stinnastör með mýrelftingu	U13	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Runnamýri</b>		
Mýrastör/stinnastör með víði	U2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]

Mýrastör/stinnastör með fjalldrapa	U3	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Gulvíðir með störum	U11	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Dý</b>		
Dýjahnappur og lindaskart	U21	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Barnamosamýri</b>		
Barnamosar	U22	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Aðrar mýrar</b>		
Skriðstör	U15	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Klófífa með finnungi	U18	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Gulstarflói</b>		
Gulstör	V1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Gulstör með blátoppastör og hálmgresi	V7	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Tjarnastarflói</b>		
Tjarnastör	V2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Klófífufloi</b>		
Klófífa	V3	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Hraf nastör með mýrastör og klófífu	V6	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Klófífa með bláberjalyngi og fjalldrapa	V8	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Flóastör með klófífu	V9	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Hengistarflói</b>		
Hengistör	V4	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Vetrarkvíðastarflói</b>		
Vetrarkvíðastör	V5	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Vatnagróður</b>		
Fergin	Y1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Vatnsnál með vætuskúfi	Y2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Vatnsliðagras með brúsum	Y3	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Lófótur	Y4	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Lónasóley	Y5	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Nykrur og marar	Y6	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Flóðapuntur	Y7	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Hnúðsef	Y8	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
<b>Garðlönd og akrar</b>		
Garðlönd, korn- og grænfóðurakrar	R1	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Túnrækt	R2	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
Aflagt tún	R3	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]

Gamalt tún eða framræst mýri	R4	Skilgreining sjá „Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort“ [13]
------------------------------	----	--

**Fitjueigind**

<b>Nafn</b>	<b>Gróðurþekja</b>
<b>Skilgreining</b>	þekja gróðurs er metin út frá þekju bæði há- og lágplantna.
<b>Heiti</b>	grodurþekja
<b>Tegund eigindar í gagnagrunni</b>	Heiltala (e: integer)
<b>Mælieining eigindar</b>	Engin
<b>Gerð gildisóðals</b>	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Lítt eða ógróið	1	Gróðurþekja 0-10 %
Lítið gróið	2	Gróðurþekja að meðaltali 25% (11-33%).
Hálfgróið	3	Gróðurþekja að meðaltali 50% (34-66%).
Vel gróið	4	Gróðurþekja að meðaltali 75% (67-90%).
Algróið	5	Gróðurþekja 91-100%.

**Fitjueigind**

<b>Nafn</b>	<b>Hraun í yfirborði</b>
<b>Skilgreining</b>	Misvel gróið land á hrauni sem runnið hefur á nútíma. Á yfirborði mótár fyrir hrauni eða sést í hraun á nokkrum stöðum á hverjum ha.
<b>Heiti</b>	hraunYfirbord
<b>Tegund eigindar í gagnagrunni</b>	Heiltala (e: integer)
<b>Mælieining eigindar</b>	Engin
<b>Gerð gildisóðals</b>	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Helluhraun í grónu landi	1	Tiltölulega slétt yfirborð.
Apalhraun í grónu landi	2	Úfið hraun, með hraunhólum og bollum.

**Fitjueigind**

<b>Nafn</b>	<b>Sandur í yfirborði</b>
<b>Skilgreining</b>	þekja sands í yfirborði er metin. Kornastærð er 0,063-2 mm að þvermáli [7].
<b>Heiti</b>	sandurYfirbord
<b>Tegund eigindar í gagnagrunni</b>	Heiltala (e: integer)
<b>Mælieining eigindar</b>	Engin
<b>Gerð gildisóðals</b>	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Enginn sandur	0	0%
Mjög lítill sandur	1	1-10%
Lítill sandur	2	11-33%
Talsverður sandur	3	34-66%
Mikill sandur	4	67-90%
Mjög mikill sandur	5	91-100%

**Fitjueigind**

<b>Nafn</b>	<b>Uppgræðsla og skóggæðsla</b>
<b>Skilgreining</b>	Hér eru tilgreindar aðferðir við landgræðslu og skóggæðslu, þ.e. hvort tegundum hafi verið sáð, þær gróðursettar eða áburði dreift.

<b>Heiti</b>	uppgræðslaSkoggræðsla
<b>Tegund eigindar í gagnagrunni</b>	Heiltala (e: integer)
<b>Mælieining eigindar</b>	Engin
<b>Gerð gildisóðals</b>	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Áburðargjöf	1	Landsvæði þar sem einvörðungu áburði hefur verið dreift, lífrænum og/eða tilbúnum.
Uppgræðsla með sáningum/gróðursetningum	2	Landsvæði þar sem gróðursett hefur verið eða sáð landgræðslujurtum þ.e. grasfræi og/eða belgjurtum, með eða án dreifingar á lífrænum eða tilbúnum áburði.
Skóggræðsla	3	Landsvæði þar sem gróðursetning eða sáning trjáa hefur farið fram.
Uppgræðsla/skóggræðsla	4	Landsvæði sem grætt hefur verið upp með áburðargjöf, sáningum og/eða gróðursetningum og þar sem skóggræðsla hefur farið fram.

### Fitjueigind

<b>Nafn</b>	<b>Yfirborðsgerð</b>
<b>Skilgreining</b>	Með yfirborðsgerð er átt við gerð eða eðli opins lands þ.e.lítt eða ógróna hluta yfirborðsins sem oftast er strjálgróið.
<b>Heiti</b>	yfirborðsgerð
<b>Tegund eigindar í gagnagrunni</b>	Heiltala (e:integer)
<b>Mælieining eigindar</b>	Ekkert
<b>Gerð gildisóðals</b>	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Sandar	sa	Fingerður sandur þekur yfirborðið en smásteinar geta einnig verið dreifðir um sandinn [1]. Kornastærð er 0,063-2 mm að þvermáli [7].
Vikrar	vi	Landsvæði þakið vikurlagi, en vikur eru frauðkenndir og hraðstorknaðir molar sem þyrlast upp í gosum [7].
Þurrar áreyrar	ey	Yfirleitt hallalitlar, tiltölulega sléttar, fremur þurrar áreyrar sem flæðir yfir í vatnavöxtum.
Blautar áreyrar	le	Hallalitlar, sléttar, blautar áreyrar sem oft flæðir yfir.
Uppþornaðir vatnsbotnar	vb	Vatnsbotnar sem þornað hafa upp.
Melar	me	Flestir melar eru annaðhvort jökulruðningar eða árset. Yfirborð er yfirleitt lárétt, öldótt eða lítið hallandi, oftast þakið mól og misstórum steinum. Undir grófu yfirborðinu er víða öskublandin áfoksmold eða sandur. Jarðvegur er óstöðugur og næringarsnauður, einkum af köfnunarefni og fosfór. Melar eru venjulega gegndreypir og fremur þurrir.
Klettur og klappir	kl	Yfirborð er þakið klettum eða klöppum.
Stórgrýti	gt	Yfirborð er þakið stórgrýti.
Skriður	sk	Svæði sem að mestu er þakið lausu grjóti og oftast í bröttum fjallshlíðum[15]. Svæði þar sem jarðefni hafa hreyfst undan halla, frá hærri til lægri staðar í átt að jafnvægi og kyrrstöðu. [17].
Hraun	hr	Bergkvika frá nútíma sem storknað hefur á yfirborði jarðar.
Moldir	mo	Moldir eru lítt gróin fremur þurr svæði sem myndast þar sem gróðurþekja hefur eyðst við jarðvegsrof svo eftir stendur nánast ber áfoksjarðvegur. Yfirborð molda er sérlega óstöðugt einkum vegna rofs og frostlyftingar.
Flag	fl	Lítt gróið land, oftast á milli votlendis og þurrlendis. Jarðvegsraki er yfirleitt hár en mjög breytilegur eftir árstíma. Yfirborð er mjög óstöðugt vegna frostlyftingar. Gróður myndar litlar þúfur en land er að mestu gróðurlaust á milli.

**Tilvitnanaskrá**

- [1] Steindór Steindórsson (1964). *Gróður á Íslandi*. Almenna bókafélagið, 186 bls.
- [2] Nytjaland – Jarðabók Íslands. *Flokkun gróðurs*.  
<http://www.nytjaland.is/landbunadur/wgrala.nsf/key2/grodurflokkar-flokkunarkerfi.html>. (Sótt 2005).
- [3] Steindór Steindórsson (1981). *Flokkun gróðurs í gróðurfélög*. Íslenskar landbúnaðarrannsóknir nr. 12.2, bls. 11-52.
- [4] Ámi Böðvarsson (Ritstj.) (1988). *Íslensk orðabók*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- [5] Hypertext Webster Gateway. [http://work.ucsd.edu:5141/cgi-bin/http\\_webster](http://work.ucsd.edu:5141/cgi-bin/http_webster). (Sótt 7. febrúar 2002).
- [6] Bergþór Jóhannsson (1999). Fjölrit Náttúrufræðistofnunar.
- [7] Þorleifur Einarsson (1991). *Myndun og mótun lands. Jarðfræði*. Mál og Menning, Reykjavík.
- [8] Íslensk málstöð (2002). *Orðabanki íslenskrar málstöðvar*. <http://www.ismal.hi.is/ob/> (Sótt 11. febrúar 2002).
- [9] Agnar Ingólfsson (1998). Sjávarfitjar. Í: *Íslensk votlendi, verndun og nýting*. Háskólaútgáfan, bls. 57-87.
- [10] Borgþór Magnússon, Sigurður H. Magnússon og Bjarni Diðrik Sigurðsson (2001). Gróðurframvinda í lúpínubreiðum. *Fjölrit Rala nr. 207*, 100 bls.
- [11] Bergþór Jóhannsson (1989). Fjölrit Náttúrufræðistofnunar.
- [12] Bergþór Jóhannsson (1995a; 1995b). Fjölrit Náttúrufræðistofnunar.
- [13] Eva G. Þorvaldsdóttir og Einar Gíslason. Flokkun gróðurs fyrir gróðurkort. Ófullgerð samantekt í handriti, gerð á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands 2002.
- [14] Hörður Kristinsson (1998). Íslenska plöntuhandbókin. Mál og menning, Reykjavík, 304 bls.
- [15] Íslensk orðabók, 1988. Ritstjóri Ámi Böðvarsson. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- [16] Ýmir. < <http://www.rala.is/ymir/> > (Sótt 13. mars, 2002).
- [17] Ólafur Jónsson (1992). *Skriðuföll og snjóflóð*. Fyrsta bindi. Skjaldborg, Reykjavík.

**Útgáfusaga og breytingar**

Útgáfunúmer	Dagsetning útgáfu	Hver breytti	Athugasemdir
1.0	10.08.2012	AGA	1. útgáfa skjalsins
1.1	21.01.2013	AGA	Fitjueigindin <i>Gróðurþekj:a</i> – tegund eigindarinnar breytt úr textatrengring í heiltölu.